



Kópavogi, 13. apríl 2026
26033112/AK

Dalvegur 24-26

Umsögn í samræmi við beðni Samgöngustofu

Umsögn skipulagsfulltrúa

Þann 19. mars 2026 barst umsagnarbeðni frá Samgöngustofu vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir bílaleigu og geymslustað ökutækja við Dalveg 24-26. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 25. mars 2026 var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Mynd 1. Loftmynd af umræddri lóð. Tekin af kortavef Kópavogs. Umsögn snýr að lóðum við Dalveg 24-26.

Í erindi Samgöngustofu er óskað eftir að Kópavogsbær veiti umsögn um geymslustað ökutækja vegna starfsleyfisumsóknar fyrir ökutækjaleigu við Dalveg 24-26. Þá kemur fram að um sé að ræða geymslu tveggja ökutækja.

Umrædd lóð er á svæði VP-10 fyrir verslun og þjónustu skv. aðalskipulagi Kópavogs. Rekstur ökutækjaleigu er í samræmi við skilgreiningu aðalskipulags. Ekki er fjallað sérstaklega um starfsemina í sérumfjöllum fyrir VP-10. Í aðalskipulagi er fjallað um bílastæðiðmið fyrir svæðið. Hins vegar er í þessu tilviki ekki óskað eftir nýju bílastæði heldur fjallað um heimild til að geyma ökutæki á svæðinu.



Á svæðinu er í gildi deiliskipulag samþykkt dags. 16. júní 2009 m.s.br. Ekki er fjallað sérstaklega um rekstur ökutækjaleigu í deiliskipulagi. Gert er ráð fyrir iðnaðarhúsnæði á lóðunum. Ekki eru skilmálar í deiliskipulagi sem mæla gegn starfsemi ökutækjaleigu á svæðinu. Þar sem uppbygging er ekki hafin skv. deiliskipulagi enn sem komið er getur starfsemin samrýmst núverandi fyrirkomulagi á svæðinu. Með breyttu fyrirkomulagi bílastæða gætu þær forsendur þó breyst. Þar sem aðeins er um að ræða geymslu tveggja ökutækja er ekki talin ástæða til að veita neikvæða umsögn. Hins vegar er umfangsmikill rekstur ökutækjaleiga ekki æskilegur á svæðinu eftir að uppbygging hefst.

Umsögn og niðurstaða

Niðurstaða skipulagsfulltrúa er að starfsemi ökutækjaleigu og geymsla tveggja ökutækja sé í samræmi við aðal- og deiliskipulag fyrir lóðirnar.

F.h. skipulagsfulltrúa
Andrea Kristinsdóttir
Verkefnastjóri aðalskipulags

